

Greinargerð borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands með umræðu um baráttu gegn spilakössum

Óskað er eftir umræðu í borgarstjórn um baráttuna gegn spilakössum. Þann 15. mars 2022 var lögð fram tillaga Sósíalístaflokks Íslands um að Reykjavíkurborg beiti sér gegn spilakössum. Samþykkt var að vísa þeirri tillögu til meðferðar borgarráðs en umræðan og afgreiðslan hefur ekki enn farið fram á þeim vettvangi. Fulltrúi sósíalista í borgarráði hefur lagt fram fyrirspurn um afdrif tillögunar sem og tillögu um að umrædd tillaga verði tekin til afgreiðslu. Þeirri tillögu var frestað á fundi borgarráðs þann 25. ágúst 2022.

86% landsmanna vilja að spilakössum verði lokað til frambúðar, samkvæmt viðhorfskönnun Gallup sem var framkvæmd árið 2020 fyrir Samtök áhugafólks um spilafíkn (SÁS). Í könnuninni kemur einnig fram að mjög líttill hópur landsmanna spili í spilakössum að staðaldri.

Skaðsemi spilakassa hefur komið fram í reynslusögum þeirra sem eru með spilafíkn. Þær reynslusögur má lesa inni á heimasíðunni lokum.is en Lokum er áverkniherferð sem hefur það markmið að leiða íslensku þjóðina í allan sannleika um hve skaðleg fíkn í spilakassa er, sem og að þrýsta á stjórnvöld að loka spilakössum á Íslandi til frambúðar. Herferðin er á vegum SÁS, Samtaka áhugafólks um spilafíkn.

Mikinn fróðleik má finna inni á vefsíðunni lokum.is en í grein Ölmú Hafsteinsdóttur sem heitir Er spilakassi í þínu hverfi? frá því í febrúar 2021 kemur fram að 872 spilakassar séu á Íslandi. Þar af eru 411 í Reykjavík. Mikil umræða hefur átt sér stað um rekstur spilakassa, má þar nefna að þann 25. mars 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins í borgarráði fram tillögu um endurskoðun á reglum og samþykktum vegna spilakassa með það að markmiði að koma í veg fyrir rekstur spilakassa og skaðlegar afleiðingar slíks reksturs.

Í umsögn skrifstofustjóra borgarstjórnar með tillögunni kom m.a. fram að um rekstur spilakassa gilda lög nr. 38/2005 um happdrætti og lög nr. 13/1973 um happdrætti Háskóla Íslands. Í umsögninni kom einnig fram að Reykjavíkurborg hafi ekki sett sér reglur né samþykktir um rekstur spilakassa sem unnt væri að endurskoða með þeim markmiðum sem fram koma í tillögunni, enda væri um að ræða starfsemi sem er heimiluð með lögum.

Í umsögninni var bent á að í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 væri að finna sérstök ákvæði um staðsetningu spilasala og er einungis heimilt að reka slíka starfsemi á miðsvæðum og athafnasvæðum í Reykjavík. Tillögunni var vísað frá. Hér skal tekið fram að spilasalur merkir rými þar sem reknir eru fleiri en 4 spilakassar og rekstur spilakassa er aðal starfsemin sem þar fer fram. Hér má lesa umsögnina í heild sinni:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/52b_umsogn_skbs.pdf.

Í ljósi þess hve skaðleg áhrif spilakassar hafa er lagt til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að starfsemi þeirra verði hætt. Ýmsir opinberir aðilar og félagasamtök hafa komist að þeirri niðurstöðu að starfsemi spilakassa hafi skaðleg áhrif og að við því þurfi að bregðast. Stjórn SÁÁ ákvað við lok árs 2020 að hætta þátttöku sinni í rekstri spilakassa. Þá styður Landlæknisembættið að bann verði lagt við rekstri spilakassa á Íslandi. Slíkt kom fram í umsögn embættisins um frumvarp tveggja þingmanna þar sem gert er ráð fyrir slíku banni. Hér má lesa umsögn embættisins: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/151/151-3088.pdf>.

Starfshópur um álitaefni tengd tekjuöflun Happdrættis HÍ skilaði niðurstöðum 28. júní 2021. Hér má lesa skjalid í heild sinni:

https://www.hi.is/sites/default/files/bgisla/skyrsla_starfshops_um_alitaefni_tengd_tekjuolfun_hhi.pdf en þar kom m.a. fram „að viðhorf almennings til spilakassa er neikvætt og ætla má að gagnrýnisraddir verði sífellt háværi. Niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna sýna einnig fram á skýr tengsl milli spilavanda og notkunar spilakassa. Háskóla Íslands ber því að leggja áherslu á skaðaminnkandi aðgerðir í tengslum við rekstur spilakassa með því að hvetja HHÍ til að taka sem fyrst nauðsynleg skref til innleiðingar spilakorta.“ Fulltrúar sósíalista ítreka mikilvægi þess að öllum leiðum verði beitt gegn því sem veldur svo miklum skaða í samfélaginu. Því var lagt til að borgarstjórn taki þátt í baráttunni gegn spilakössum.